

Fyrir þá lánshluta þar sem virkir vextir vaxtaviðmiðunar grunnvaxta hafa sambærileg áhrif og ef vöxtum væri bætt við höfuðstól á hverjum bankadegi er einföld vaxtaþrósentu grunnvaxta sem reiknar með uppsöfnun reiknuð með eftirfarandi hætti.

„Bankadagur vaxtaviðmiðunar“¹ merkir:

- (a) Í tengslum við lán í GBP, virkan dag sem bankar eru almennt opnir fyrir viðskipti í London;
- (b) Í tengslum við lán í USD, virkan dag, að undanskildum dögum þar sem Samtök verðbréfa- og fjármálamarkaðar (*Securities Industry and Financial Markets Association*) mælast til að loka sé fyrir viðskipti með bandarísk ríkisskuldabréf hjá skuldabréfamiðlunum aðildarfyrirtækja samtakanna;
- (c) Í tengslum við lán í CHF, virkan dag sem bankar í Zurich eru opnir fyrir uppgjör greiðslna og gjaldeyrisviðskipti; og
- (d) Í tengslum við lán í JPY, virkan dag sem bankar eru almennt opnir fyrir viðskipti í Tokyo.

„Endurlitstímabil“ við útreikning á einfaldri vaxtaþrósentu grunnvaxta sem reiknar með uppsöfnun skal vera fimm bankadagur vaxtaviðmiðunar.

„Hluttímabil“: Hér á eftir er orðið hluttímabil látið vísa til hluttímabils frá upphafi vaxtatímabilsins eða síðasta bankadegi vaxtaviðmiðunar fyrir upphaf vaxtatímabilsins ef upphafsdagur vaxtatímabilsins er ekki bankadagur vaxtaviðmiðunar til tiltekins bankadags vaxtaviðmiðunar innan eða í lok vaxtatímabilsins eða fyrsta bankadags vaxtaviðmiðunar eftir lok vaxtatímabilsins ef síðasti dagur vaxtatímabilsins er ekki bankadagur vaxtaviðmiðunar.

„Uppsöfnuð vaxtaþrósentu grunnvaxta án námundunar á ársgrundvelli“ fyrir vaxtatímabilið eða eftir atvikum hluttímabilið er gefin með formúlunni

$$ACR_{d_b}^* = 100 \times \left[\prod_{i=1}^{d_b} \left(1 + \frac{r_i \times n_i}{N} \right) - 1 \right] \times \frac{N}{d}.$$

Hér gildir að:

- d_b er númer bankadags vaxtaviðmiðunar sem er stranglega innan eða í lok vaxtatímabilsins en að auki getur d_b staðið fyrir fyrsta bankadag vaxtaviðmiðunar eftir lok vaxtatímabilsins ef lokadagur vaxtatímabilsins er ekki bankadagur vaxtaviðmiðunar og hér útilokar hugtakið „stranglega innan“ þann möguleika að d_b vísi til fyrsta dags vaxtatímabilsins hvort sem sá dagur er bankadagur vaxtaviðmiðunar eða ekki;
- $ACR_{d_b}^*$ er uppsöfnuð vaxtaþrósentu grunnvaxta á ársgrundvelli fyrir hluttímabilið;
- d er fjöldi daga á hluttímabilinu en í þessari talningu er upphafsdagur hluttímabilsins undanskilinn en lokadagur hluttímabilsins meðtalinn;
- i er hlaupandi vísir fyrir bankadaga vaxtaviðmiðunar stranglega innan eða í lok hluttímabilsins og hér útilokar „stranglega innan“ þann möguleika að i vísi til fyrsta dags vaxtatímabilsins hvort sem sá dagur er bankadagur vaxtaviðmiðunar eða ekki;
- r_i er gildi vaxtaviðmiðunarinnar sem tekur gildi síðasta bankadag vaxtaviðmiðunar fyrir bankadag vaxtaviðmiðunar i að teknu tilliti til endurlitstímabils, þannig að ef

¹ Skilgreiningin er „bankadagur vaxtaviðmiðunar“ til aðgreiningar frá skilgreiningu á bankadegi, sem vísar til íslenskra bankadaga og er notuð í tengslum við gjalddaga.

endurlitstímabilið er fimm bankadagar vaxtaviðmiðunar þá er r_i mælt gildi með mældag sem er sex bankadögum vaxtaviðmiðunar fyrir bankadag vaxtaviðmiðunar i ;

- n_i er fjöldi daga frá síðasta bankadegi vaxtaviðmiðunar fyrir bankadag vaxtaviðmiðunar i til bankadags vaxtaviðmiðunar i en í þessari talningu er upphafsdagurinn undanskilinn en lokadagurinn meðtalinn; og
- N er viðmiðunarfjöldi daga á einu ári fyrir vaxtaviðmiðunina, $N = 365$ fyrir lánshluta í GBP en $N = 360$ fyrir lánshluta í öðrum erlendum gjaldmiðlum.

„Uppsöfnuð vaxtaþrósentu grunnvaxta með námundun á ársgrundvelli“ fyrir vaxtatímabilið eða eftir atvikum hluttímabilið er táknuð með ACR_{d_b} og fengin út frá $ACR_{d_b}^*$ með námundun með þeim fjölda aukastafa sem hefðbundið er fyrir þá vaxtaviðmiðun sem um ræðir.

„Uppsöfnuð vaxtaþrósentu grunnvaxta“ fyrir hluttímabilið er gefin með formúlunni

$$UCR_{d_b} = ACR_{d_b} \times \frac{d}{N}.$$

Hér hafa ACR_{d_b} , d og N sömu merkingu og lýst er hér fyrir ofan og

- UCR_{d_b} er uppsöfnuð vaxtaþrósentu grunnvaxta fyrir hluttímabilið.

„Einföld vaxtaþrósentu grunnvaxta sem reiknar með uppsöfnun“ fyrir bankadag vaxtaviðmiðunar sem er aðlöguð að vaxtatímabilinu er gefin með formúlunni

$$NCR_{d_b} = (UCR_{d_b} - UCR_{d_b-1}) \times \frac{N}{n_{d_b}}.$$

Hér hafa d_b , UCR_{d_b} og N sömu merkingu og lýst er hér fyrir ofan og

- NCR_{d_b} er einföld vaxtaþrósentu grunnvaxta sem reiknar með uppsöfnun fyrir bankadag vaxtaviðmiðunar sem er aðlöguð að vaxtatímabilinu;
- UCR_{d_b-1} er UCR_{d_b} fyrir síðasta bankadag vaxtaviðmiðunar á undan bankadegi vaxtaviðmiðunar d_b en ef síðasti bankadagur vaxtaviðmiðunar á undan bankadegi d_b er fyrsti dagur vaxtatímabilsins eða dagur fyrir fyrsta dag vaxtatímabilsins þá er $UCR_{d_b-1} = 0$; og
- n_{d_b} er fjöldi daga á tímabilinu frá síðasta bankadegi vaxtaviðmiðunar fyrir dag d_b til dags d_b en í þessari talningu er upphafsdagurinn undanskilinn en lokadagurinn meðtalinn.